

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1994, um stjórn hreindýraveiða.

1. gr.

4.–6. mgr. 10. gr. orðast svo:

Sveitarstjórn ráðstafar arði innan sveitarfélagsins. Skulu þeir bændur og aðrir sem fyrir ágangi hreindýra verða á lönd sín fyrst og fremst njóta arðsins. Sé ekki samkomulag um annað við þá sem eiga að njóta arðsins skal skipta honum innan veiðisvæðis, þannig að af hverju felldu dýri fari kr. 4.000 til ábúenda eða umráðenda, eftir atvikum, þeirrar jarðar sem dýr er fellt á. Hreindýraráð heldur eftir þessari fjárhæð og stendur skil á henni til hvers sveitarfélags fyrir 1. desember. Eftirstöðvar skiptast sem hér segir:

1. Á allar jarðir í sveitarfélaginu (40%):

a. Samkvæmt fasteignamati lands, 20%.

b. Samkvæmt landstærð (mæld eða flokkuð), 20%.

2. Til þeirra sem verða fyrir ágangi (60%):

a. Lítill ágangur, 1 hlutur.

b. Töluverður ágangur eða ágangur hluta úr ári, 3 hlutar.

c. Mikill ágangur eða ágangur meiri hluta ársins, 6 hlutar.

Sveitarstjórn metur ágang með hliðsjón af ofangreindu að fenginni umsögn eftirlitsmanns með hreindýraveiðum eða annars staðkunnugs aðila. Heimilt er að vísa mati sveitarstjórnar til umhverfisráðherra til úrskurðar. Arður skal greiddur út fyrir áramót vegna síðasta veiðitímabils. Við úthlutun arðs, þar sem ekki er samkomulag um annað, skal stuðst við eyðublöð, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari, og skal afrit þess sent til hreindýraráðs.

Óheimilt er að láta arð af hreindýraveiðum ganga til þeirra sem ekki heimila hreindýraveiðar á landi sínu.

2. gr.

5. mgr. 10. gr. verður 7. mgr. og aðrar málsgreinar færast til sem því nemur.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast gildi þegar í stað og gildir fyrir ráðstöfun arðs sem fellur til frá og með árinu 1998 að telja.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal reglur samkvæmt 1. gr. með hliðsjón af fenginni reynslu og skal endurskoðun lokið eigi síðar en 1. maí 2000.

Umhverfisstofnuneytinu, 30. júní 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

